

Menntamálanefnd Alþingis.

Álit á frumvarpi til laga um breytingu á lögum um Lánasjóð íslenskra námsmanna. Lögð fyrir Alþingi á 131. löggjafarþingi, 2004-2005.

Álit Visku, félags stúdenta við Háskólann í Reykjavík var óskað með bréfi dagsett 22. nóvember 2004.

Athugasemdir við 1. gr.

Viska telur fullkomlega óeðlilegt að stjórn LÍN beri úrskurði sér æðra stjórnvalds undir dómstóla. Bera verður fullt traust til þeirra nefndarmanna sem ráðherra skipar í málskotsnefnd og hlýta úrskurði nefndarinnar.

Athugasemdir við 2. gr.

Það er álit Visku að 60 daga frestur sem lagður er til sé óþarflega strangur og ekki beri að tilgreina slíka fresti í lögum um LÍN. Eðlilegra sé að slíkar framkvæmdareglur séu tilgreindar í sérreglum sjóðsins, t.a.m. úthlutunarreglum LÍN.

Athugasemdir við 3. gr.

Viska telur það ekki æskilegt að tengja þann stofn, sem ræður endurgreiðsluhlutfalli lánþega, við tekjur maka. Í frumvarpinu er lagt til að helmingur af sameiginlegum tekjum maka lánþega og lánþega sem tilgreindar eru í C-lið 7. gr. laga um tekjuskatt og eignaskatt nr. 90/2003 (tsl.) séu taldar með í þeim stofni sem ákvarðar endurgreiðslu lána. Þrátt fyrir að tekjur sem tilgreindar eru í C-lið 7. gr. tsl. séu taldar fram hjá þeim maka sem hærri hefur tekjur skv. 1. tl. 62. gr. tsl. telur Viska að sú aðstaða geti komið upp að telja helming þessara tekna hjá lánþega geti gefið ranga mynd af tekjum hans.

Þrátt fyrir að milli hjóna ríki framfærsluskylda, ber hvort hjóna fyrir sig ábyrgð á eigin skuldum, sbr. 46. gr. og 67. gr. laga um hjúskap nr. 31/1993. Í gildandi lögum um Lánasjóð íslenskra námsmanna, lög nr. 21/1992, er ekki farin sú leið að tengja tekjur maka við tekjur lánþega, hvorki þegar reiknuð er framfærsla námsmanns eða endurgreiðsla lánþega. Viska telur að öll skref í átt að tekjutengingu maka sé ekki í samræmi við stefnu löggjafans með gildandi lögum um Lánasjóð íslenskra námsmanna.

Viska telur það í samræmi við stefnu stjórnvalda í að láta lánþega njóta vafans á því hvort tekjurnar sem tilgreindar eru í C-lið 7. gr. tsl. stafi af eignum hans eða maka, þar sem lagagreinin gæti orðið þessa valdandi að endurgreiðslur lánþega ráðist af tekjum maka. Sú staða getur hæglega komið upp að maki lánþega hafi lágar tekjur skv. A-lið 7. gr. tsl. og taki þá út arð í auknum mæli út úr eignum sínum, við þá aðstöðu er komin töluverð tenging milli tekna maka og lánþega.

Að öðru leiti gerir Viska ekki athugasemd við frumvarp þetta og styður það álit sem BÍSN (Bandalag íslenskra námsmanna) hefur gefið frá sér en Viska er aðili að BÍSN.

Fyrir hönd Visku,

Ragnhildur Ágústsdóttir

formaður Visku,
stúdentafélags Háskólans í Reykjavík
viska@viska.is
ragnhildur@viska.is
gsm: 822-3301